

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Hellnahraus, 2. áfanga, Breiðhella 8 og 10.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 6. febrúar 2008 breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, Breiðhella 8 og 10 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að lóðirnar nr. 8 og 10 við Breiðhelli eru sameinaðar og á lóðinni verður endurvinnslustöð Sorpu. Á lóðinni verður staðsett hús fyrir starfsmenn, flöskumóttöku og pressun á sorpi. Lóðarstærð verður 10.920,5 m<sup>2</sup>. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 26. febrúar 2008,*

**Anna Sofía Kristjánsdóttir** arkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 11. mars 2008